

Föstudaginn 1. nóvember 1985.

Nr. 208/1983.

**Óli A. Bieltvedt jr. og  
Sigurjón Ragnarsson**

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

gegn

**Jónasi A. Aðalsteinssyni hrl.**

**f.h. Christiania Bank & Kreditkasse**

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Sjálfskuldarábyrgð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 10. október 1983. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara verulegrar lækkunar á þeim. Þeir krefjast og málskostnaðar fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstrétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Félagið Nesco-Norge A/S var stofnað í Ósló 6. október 1975. Var starfsemi þess innflutningur og sala hljómflutningstækja og skyldra tækja. Stofnendur voru Nesco International h/f hér í borg og áfrýjendur, Óli Anton Bieltvedt jr. og Sigurjón Ragnarsson. Andresens Bank A/S í Ósló lánaði fyrirtækinu rekstrarfé og var viðskiptabanki þess. Gáfu áfrýjendur bankanum yfirlýsingu sína um sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum fyrirtækisins við bankann, svo sem rakið er í héraðsdómi. Á hluthafafundi í Nesco-Norge A/S 4. júní 1976 var nafni félagsins breytt í Internesco Norge A/S. Rekstur Internesco Norge A/S gekk illa. Að beiðni fyrirsvarsmanna félagsins tók skiptarétturinn í Ósló bú þess til gjaldþrotaskipa með úrskurði 20. nóvember 1978. Samkvæmt skýrslu bústjórnarinnar var lýst kröfum í búið, samtals að fjárhæð 16.798.641,20 norskar krónur, þar af forgangskröfur 868.166,48 norskar krónur.

Fram er komið, að Andresens Bank A/S og Christiania Bank & Kreditkasse hafa verið sameinaðir. Er ágreiningslaust, að stefndi sé réttur aðili máls þessa.

Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur haft uppi þá málsástæðu, að ábyrgðaryfirlýsing þeirra hafi verið byggð á þeirri forsendu, að hún gæti ekki orðið víðtækari en norsk og íslensk gjaldeyrisyfirvöld veittu heimild til. Hafi ábyrgðarmönnum og ábyrgðarhafa verið þetta ljóst eða mátt vera þessi forsenda ljós. Leiði þessi málsástæða til sýknu eða verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnda. Málsástæða þessi var ekki höfð uppi í héraði. Áfrýjandi áskildi sér ekki í áfrýjunarstefnu að hafa uppi nýjar málsástæður fyrir Hæstarétti. Þegar af þessari ástæðu kemur málsástæða þessi ekki til álita.

Staðfesta ber héraðsdóm um, að stefnda sé heimilt að krefja áfrýjendur um greiðslu skulda Internesco Norge A/S á grundvelli sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingarinnar frá 22. september 1976. Þá ber einnig að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um einstaka kröfufliði, en málinu hefur ekki verið gagnáfrýjað.

Fyrir Hæstarétti kom fram, að 5. janúar 1984 var af hálfu áfrýjenda innt af hendi greiðsla að fjárhæð 60.000,00 norskar krónur upp í vaxtakröfum stefnda. Kemur sú fjárhæð til frádráttar vaxtakröfum hans.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að 60.000,00 norskar krónur komi til frádráttar vaxtakröfum stefnda, eins og að framan er lýst.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 650.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að 60.000,00 norskar krónur komi til frádráttar vaxtakröfum stefnda, eins og að framan er lýst.

Áfrýjendur, Óli A. Bieltvedt og Sigurjón Ragnarsson, greiði stefnda, Jónasi A. Aðalsteinssyni hæstaréttarlögmanni f.h. Christiania Bank & Kreditkasse, 650.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. febrúar 1983.

## 1.0

Mál þetta, sem var dómtekið 31. janúar sl., hefur Jónas A. Aðalsteinsson hrl. f.h. Christiania Bank & Kreditkasse, Oslo, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri fyrir stefnda Sigurjóni 14.10. 1981, og með framlagningu stefnu á bæjarþingi 27. október 1981, þar sem þing var sótt af hálfu hinna stefndu og fyrirtaka málsins samþykkt. Stefndu eru Óli A. Bieltvedt jr., Ásvallagötu 60, Reykjavík, og Sigurjón Ragnarsson, Blikanesi 13, Garðabæ. Nafnnúmer aðilja hafa ekki verið upplýst. Mál þetta er höfðað á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar.

Þann 22. september 1976 tókust stefndu á hendur sjálfskuldarábyrgð „for de forpliktelser med renter, provisjon og omkostninger som Inter-Nesco-Norge A/S, har eller måtte få til ANDRESENS BANK A/S.. for alle nuværende og fremtidige forpliktelser overfor banken ...“

Þann 20. nóvember 1978 var Inter-Nesco-Norge A/S úrskurðað gjaldþrota samkvæmt gjaldþrotabeidni, dags. 13. s.m. Þann 19. desember 1978 lýsti Andresens Bank A/S kröfum í búið, eins og hér segir:

„Konto nr. 8002.07.03842 pr. 20.11.'78 debetsaldo .	kr. 3.785.104.85
Gjeldsbrev nr. 029034-4 pr. 28.11.'78 .....	— 3.400.000.00
Gjeldsbrev nr. 58868-8 pr. 31.12.'78 .....	— 500.000.00
Kausjonsansvar pr. 21.11.'78 .....	— 18.000.00
Garanti nr. 20486, kr. 67.000.00 í favör A/S Inor	
hvorav vårt ansvar .....	— 22.333.00
resten Norsk Kausjon	
Tilsammen .....	kr. 7.725.437.85“

Strax eftir gjaldþrotaráúrskurðinn hófust umræður um greiðsluáætlun fyrir stefndu vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar, en bankinn hafði auk sjálfskuldarábyrgðar stefndu margvíslegar ábyrgðir og tryggingar fyrir skuld hins gjaldþrota félags. Í septembermánuði 1980 virðist sem málsaðiljar hafi verið komnir að niðurstöðu, en einn af ábyrgðaraðiljunum, Forsikringsaksjeselskapene Norvegia Pallas, tilkynnti þá með bréfi 18. september 1980, að félagið gæti ekki samþykkt þá breytingu á ábyrgðarsamningi, sem gert var ráð fyrir í samkomulagi aðiljanna. Þann 28. nóvember 1980 tilkynnti stefndi Óli Anton, f.h. „Nesco IS“, að það besta, sem hann gæti boðið, væri að greiða „Nkr. 8.900.00“ (væntanlega ritvilla fyrir 8.900.000.00) vaxtalaust á 10 árum frá janúar 1982. Þann 21. apríl 1981 ritaði umboðsmaður stefnanda, sem tekið hafði við réttindum og skyldum Andresens Bank A/S, stefndu innheimtubríf, þar sem þeir eru krafðir greiðslu á Nkr. 10.341.476.82 auk vaxta og innheimtukostnaðar. Í framhaldi af því var síðan mál þetta höfðað.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda NOK 8.547.237,99 auk 15% ársvaxta af NOK 7.725.072,78 frá 10.2. 1981 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð NOK 1.766.149,80 pr. 12.3. 1981, NOK 180.000,00 pr. 24.4. 1981, NOK 60.000,00 pr. 31.12. 1981 og NOK 60.000,00 pr. 1.12. 1982 auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ og sundurliðast þannig:

a) Skbr. (dskj. 41)	NOK	500.000,00		
Vextir frá 31.12.'78				
til 10.2.'81	“	165.593,00	NOK	665.593,00
b) Skbr. (dskj. 40)	NOK	3.400.000,00		
Vextir frá 28.11.'78				
til 10.2.'81	“	1.087.710,00	“	4.487.710,00
c) Konto 8002.07 03842	NOK	3.785.104,85		
Provision	“	327.581,47		
Vextir pr. 10.2.'81	“	1.035.519,57	“	5.148.205,89
d) Útlagður kostn.			“	39.967,93
	Samtals		NOK	10.341.476,82
÷ söluverð „lombardslagers“	NOK	961.816,69		
+ leiga	“	41.934,02		
	NOK	919.879,67		
÷ inneign á reikn.				
8002.09 64891 +				
vextir pr. 10.2.'81	“	874.356,16	“	1.794.238,83
	Mism. pr. 10.2.'81		NOK	8.547.237,99

## Höfuðstóll dómkröfu

a)	NOK	500.000,00
b)	“	3.400.000,00
c)	“	3.785.104,85
d)	“	39.967,93
Samtals	NOK	7.725.072,78

## Innborganir:

Frá Landsb. Íslands	12.3.'81	NOK	1.766.149,80
Frá Norvegia Pallas	24.4.'81	“	180.000,00
“ “ “	31.12.'81	“	60.000,00
“ “ “	1.12.'82	“	60.000,00
Samtals		NOK	2.066.149,80

Af hálfu stefnanda eru kröfur á hendur stefndu alfarið byggðar á sjálf-

skuldarábyrgð þeirra á skuldum Internesco Norge A/S við Andresens Bank A/S.

Af stefnda hálfu er þess krafist aðallega, að stefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar mjög verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar, eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Meginmálsástæða stefndu er endanlega sú, að sjálfskuldarábyrgð stefndu hafi fallið úr gildi með samkomulagi Andresens Bank A/S og stefndu í desember 1978 og janúar 1979. Upphaflega var því haldið fram til vara, að samkomulag hefði tekist á árinu 1980, sem fellt hefði niður ábyrgðaryfirlýsinguna, en frá þeirri málsástæðu hefur verið horfið. Málsástæðum stefndu er að öðru leyti lýst í greinargerð. Því er haldið fram, að skuldir þær, sem stefndu eru taldir bera ábyrgð á, sé að rekja til stórfellds gáleysis af hálfu Andresens Bank A/S og að forsenda fyrir útgáfu ábyrgðaryfirlýsingarinnar hafi verið náðið og persónulegt trúnaðarsamband og traust sem hafi stofnast milli eins af starfsmönnum bankans Jan Peter Collier, og stefndu. Stefnufjárhæðinni var mótmælt sem órökstuddri og ósannaðri og þess krafist, að stefnufjárhæðir yrðu lækkaðar vegna innborgana frá ábyrgðaraðiljum um 1 til 1,5 milljónir auk vaxta, sem Andresens Bank A/S hafi gefið eftir gagnvart þrotabúi Internesco Norge A/S á árinu 1979. Kröfum um vexti að fjárhæð Nkr. 165.593,00 var sérstaklega mótmælt, þar sem þeir vextir væru greiddir og því haldið fram, að krafa að fjárhæð Nkr. 500.000,00 væri í skilum.

Hinn 30. júní 1982 kom fram af hálfu stefndu, að því væri ekki mótmælt, að skuld stefndu við stefnanda næmi kr. 5.630.000,00 sem skuldin hafi verið talin í samkomulagi aðiljanna í desember 1978, enda hafi ekki verið stofnað til skulda eftir það.

Við munnlegan málflutning kom fram sú málsástæða af hálfu stefndu, að sjálfskuldarábyrgðin næði ekki til skuldabréfs, útgefins 22. september 1976, að fjárhæð kr. 3.400.000,00 (Nkr.), þar sem það bréf væri útgefið af Óla Anton Bieltvedt persónulega, en ekki Inter-Nesco-Norge A/S.

Af hálfu stefnanda er þeirri málsástæðu stefndu vísað á bug, að samkomulag hafi orðið með aðiljum, sem hafi fellt niður sjálfskuldarábyrgð. Hins vegar er því haldið fram, að stefndu hafi m.a. með undirritun skulda-bréfa um áramótin 1978 til 1979 viðurkennt skuld sína.

### 3.0

3.1. Þann 7. desember 1978 sendi Andresens Bank A/S stefnda Óla Antoni f.h. Nesco h.f. tilboð um greiðslusamning. Þar kemur fram, að bankinn áætlar, að skuld þrotabúsins verði NOK 5.630.000,00, eftir að

bankinn hafi fengið fullnustu af tilteknum tryggingum, og að þessa fjárhæð hyggist bankinn fá greidda með sjálfskuldarábyrgð stefndu, Nesco h.f., Landsbanka Íslands, Norsk Kausjon Forsikringsaksjeselskap og Norvegia-Pallas A/S. Tekið er fram, að sjálfskuldarábyrgð Norsk Kausjon og Norvegia Pallas sé baktryggð hjá Almennum Tryggingum h.f. Tilboðið hljóðar um, að stefndu, Nesco h.f. og Nesco International h.f. gefi út þrjú skuldabréf til 10 ára, afborgunarlaus í 3 ár, með vöxtum. Skuldabréf að fjárhæð 1.330.000,00, og kr. 500.000,00 skyldi Norvegia Pallas Forsikringsaksjeselskap ábyrgjast, og kr. 3.800.000,00 skyldu tryggðar með sjálfskuldarábyrgð Norsk Kausjon Forsikringsaksjeselskap. Tekið er fram, að ef hin áætlaða fjárhæð, Nkr. 5.630.000,00, breytist til hækkunar eða lækkunar, muni fjárhæð síðastnefnda skuldabréfsins breytast samsvarandi.

Bréfi þessu fylgdu þrjú skuldabréf til undirskriftar. Stefndu undirrituðu bæði bréfið til samþykkis við efni þess og skuldabréfin, eftir að gerðar höfðu verið breytingar á texta þeirra. Ennfremur voru skuldabréfin undirrituð af hálfu Nesco International h.f. Breytingarnar, sem gerðar voru á texta bréfanna, lutu að því, að vextir skyldu greiðast árlega, en ekki hálfárslega. Stefndi Óli sendi síðan Andresens Bank A/S telexskeyti þann 12. desember 1978 varðandi þessa breytingu. Á skuldabréfsformunum voru óútfylltar eyður varðandi greiðslutíma vaxta og afborgana og vanskilavexti. Þann 22. desember 1978 sendi stefndi Óli Anton Andresens Bank A/S telexskeyti, þar sem óskað er staðfestingar á, að fyrsta greiðsla vaxta skyldi vera 2. janúar 1980, fyrsta afborgun 2. janúar 1983 og síðasta afborgun 2.1. 1989. Ennfremur óskaði hann eftir, að vaxtafótur vanskilavaxta yrði ákveðinn. Þann 29. desember 1978 ritaði stefndi Óli Anton bankanum síðan bréf, f.h. Nesco International h.f. og sendi með því skuldabréfin og bréfið frá 7. desember með undirritun skuldaranna. Í bréfinu er tekið fram, að greiðslutíma vaxta hafi verið breytt í samræmi við samkomulag og að eytt hafi verið öllum efa varðandi það hvenær afborganir skyldu hefjast. Þann 3. janúar 1979 ritaði bankinn „Nesco IS“ bréf, þar sem segir, að áður en gengið sé frá málinu, verði að ganga frá eftirfarandi atriðum: Landsbanki Íslands verði að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldabréfaláni að fjárhæð 1.330.000,00, Almennar Tryggingar að veita 100% baktryggingu gagnvart Norsk Kausjon, Almennar Tryggingar h.f. að „avgfi besitteerklæring for deres depot overfor Norsk Kausjon“ og „Norvegia-Pallas må samtykke i arrangementet.“ Þann 10. janúar 1979 ritaði bankinn stefndu bréf þar sem segir:

„Uavhengig af de pågående forhandlinger, tillater vi oss å gjøre Dem oppmerksom på Deres ansvar iht. selvskyldnerkausjon, dat. 22.9.76.

Selvskyldnerkausjonen omfatter ethvert mellomværende og er for et ubegrenset beløp.“

Af gögnum málsins verður ráðið, að um áramótin 1978 til 1979 hafi aðiljar verið orðnir sammála í öllum meginatriðum. Hins vegar var ekki gengið til fullnaðar frá öllum sammingsatriðum, svo sem endanlegri fjárhæð skuldarinnar, og aldrei fékkst samþykki allra ábyrgðaraðiljanna. Samkomulagið virðist aldrei hafa komið til framkvæmda. Þannig hafa stefndu aldrei greitt vexti í samræmi við tilboð sitt, enda hefur ekki verið gengið eftir því. Samningaviðræður héldu áfram, eftir að stefndu undirrituðu skuldabréfaformin, og fóru loks út um þúfur, eins og áður er rakið. Samkvæmt þessu þykir verða að fallast á það með stefnanda, að þeim sé nú heimilt að krefja stefndu á grundvelli hinnar upphaflegu sjálfskuldar-ábyrgðaryfirlýsingar.

3.2. Þótt stefndi Óli Anton hafi undirritað skuldabréf, dags. 20. febrúar 1978, Nkr. 3.400.000,00 án þess að vísa til umboðs, þykir ljóst, að fjárhæð sú, sem skuldabréfið greinir, hafi runnið til Inter-Nesco-Norge A/S og verið skuld þess.

3.3 Engin haldbær rök hafa komið fram fyrir þeim málsástæðum, að Andresens Bank A/S hafi valdið fjárþroti Inter-Nesco-Norge A/S með stórfelldu gáleysi eða að brostin forsenda sé fyrir samkomulagi aðiljanna vegna þess að það hafi verið byggt á persónulegu sambandi, vegna þess að Andresens Bank hafi gefið eftir skuld á hendur þrotabúinu eða vegna þess að aðiljaskipti hafi orðið að stefnukröfunni.

3.4. Á árinu 1976 tók A/S Faktoring í Ósló að sér að fjármagna sölu- starfsemi Inter-Nesco-Norge A/S í Noregi, og síðar á árinu fékk Andresens Bank A/S tryggingu í þáverandi og síðari inneign Inter-Nesco-Norge A/S hjá A/S Faktoring. Í nóvember 1977 fékk bankinn tryggingu í öllum hluta- bréfum í Inter-Nesco-Norge A/S og heimild til að neyta allra réttinda sam- kvæmt þeim, ef hlutafélagið vanefndi skyldur sínar gagnvart bankanum. Bankinn neytti þó ekki heimildir til að taka stjórn félagsins í sínar hendur, og stefndi Óli Anton virðist hafa haft framkvæmdastjórn þess með höndum til gjaldþrotsins.

Skiptastjórnir í þrotabúinu voru á þeirri skoðun, að hægt væri að rifta einhverjum af þeim greiðslum, sem gengið hefðu til bankans síðustu 3 mán- uðina fyrir gjaldþrotið. Bankinn leitaði eftir samningum um þetta efni. Af hálfu bankans var stefnda Óla Antoni gerð grein fyrir málinu í síma 7. júní 1979 og í framhaldi af því sendi Óli Anton f.h. „Nesco IS“ telexskæti næsta dag þar sem segir „... we hereby authorize u/a-bank to handle n settle this question w our best interest in mind.“ Síðan var samið um, að bankinn fengi að halda þeim greiðslum, sem hann hafði fengið, áður en

gjaldþrotameðferð hófst, en að búið fengi þær greiðslur, sem hefðu komið inn á reikning félagsins í bankanum eftir þann tíma. Af hálfu bankans er þessi samningur réttlættur með því, að ágreiningurinn, sem upp var kominn, hefði getað leitt til aukins tjóns fyrir bankann og þar með aukinnar ábyrgðar stefndu.

Af hálfu stefnanda hefur verið upplýst, að búið hafi fengið NOK 95.000,00 frá A/S Faktoring auk NOK 15.000,00 af kröfum, sem það hafi fengið til innheimtu, og loks að útistandandi kröfur á reikningnum hafi verið að fjárhæð NOK 347.000,00. Bankinn telur þessar kröfur mjög vafasamar og segir næstum alla fjárhæðina vera kröfur á Kvikk-keðjuna, sem sé gjaldþrota.

Stefnandi kveðst ekki geta fallist á, að samningurinn við þrotabúið eigi að leiða til takmörkunar á ábyrgð stefndu, þar sem ekki megi líta á hann sem eftirgjöf af hálfu bankans, heldur sem ráðstöfun til að takmarka tjón. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður ekki annað séð en að bankinn hafi haft fullt umboð til að falla frá sérrettindum sínum varðandi kröfur á A/S Faktoring og að bankinn hafi ekki farið út fyrir heimild sína með þeim samningi, sem gerður var við þrotabúið. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefndu, að lækka beri kröfur á hendur þeim vegna eftirgjafarinnar.

Við aðalmeðferð málsins hefur stefnandi lækkað kröfur sínar vegna greiðslna, sem honum hafa borist frá öðrum ábyrgðaraðiljum vegna sölu á veðsettum eignum og vegna innistæðu hins gjaldþrota félags hjá bankanum.

Í sóknarskjöllum stefnanda er engin greinargerð um staflíðina c og d í stefnukröfum, og ekki er þar gerður frádráttur vegna sölu á lagervörum, sem bankinn átti veð í. Við þingfestingu málsins lagði stefnandi m.a. fram kröfubréf til stefnda Óla, dags. 16. júlí 1981, þar sem kröfuliðirnir eru sundurliðaðir. C-liður er sundurliðaður þar, eins og fram kemur í sundurliðun kröfugerðar hér að framan. Texti d-liðar er „útistandandi vegna ferðakostnaðar.“ Síðan eru talin nöfn 6 manna og fjárhæðir í norskurum krónum við hvert nafn, sem samanlagt gera fjárhæð kröfuliðarins NOK 39.967,93. Þá var og lagt fram bréf frá lögmanni stefnanda í Ósló, Carl-Bernhard-Kjelstrup, þar sem fram kemur að „av sidesikkerhed er hittil inn- gaatt kr. 3.560.388.63. Kravets sammensetning, renteberegning m.v. kann om ønsket selvsagt dokumenteres nærmere.“ Þá var og lögð fram við þingfestingu yfirlýsing endurskoðanda bankans, dags. 29. september 1981, þar sem gerð er svohljóðandi grein fyrir kröfuliðum c og d:

„Det bekræftes med dette at Christiania Bank og Kredittkasse's (tidligere Andresens Bank A/S) tilgodehavende hos Internesco Norge A/S, nå under konkurs, utgjør: .....

c) Debetsaldo kassekredit- konto nr. 8002.07.03842 pr. 20. nóvember 1978	NOK	3.785.104.86	
Provisjon med 4% pr. kvartal í tiden 20.11.'78 —1.10.'80 og 3% pr. kvartal í tiden 1.10.'80 —10.2.'81, tilsammen	“	327.581.47	
enter med 20,5% p.a. í tiden 20.11.'78—10.9.'80 og 11 ¼% p.a. í tiden 10.9.'80—10.2.'81	“	<u>1.035.520.22</u>	NOK 5.148.206.54
d) Debetsaldi på ansattes reisekonti, som forut- setningsvis skulle dekket av selskapet, tilsammen			NOK 39.967.93

Af hálfu hinna stefndu var upphaflega krafist frávisunar vegna vanreifunar og vottorði endurskoðandans mótmælt sem röngu. Segir í greinargerðinni, að engin fullnægjandi gögn hafi verið lögð fram fyrir tilvist eða fjárhæð stefnukröfunnar og eins og málið liggir fyrir af hálfu stefnanda sé nánast útilokað fyrir stefnda að taka til efnisvarna í málinu. Hvergi er vikið sérstaklega að c og d liðum stefnukröfunnar í greinargerð stefndu, en stefnufrjárhæðinni er mótmælt sem órökstuddri og ósannaðir og því haldið fram, að sönnunarbyrðin hvíli á stefnanda um fjárhæð dómkröfu. Stefndu hafa fallið frá frávisunarkröfu sinni, og í þinghaldi 27. maí 1982 var því lýst yfir af þeirra hálfu, að staflidum a og b í stefnu væri ekki mótmælt tölulega, en haldið við öll mótmæli gegn c og d liðum. Af hálfu stefnanda var þá skorað á stefnda að leggja fram gögn eða upplýsa á annan hátt þá fjárhæð, sem hann teldi, að þessir liðir ættu að nema réttu lagi. Umboðsmaður stefndu upplýsti þá, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefði honum ekki tekist að afla gagna um þessi atriði, þannig að hann gæti af þeirri ástæðu ekki orðið við áskorun stefnanda. Í þinghaldi 16. september 1982 mætti Laila Ingebriktsen, lögmaður frá Ósló, umboðsmaður bankans, og útskýrði m.a. kröfuliði d, eins og nánar verður rakið hér á eftir. Engar aðiljaskýrslur hafa komið fram af hálfu aðilja málsins, en stefndi Óli Anton var viðstaddur málflutning. Það var svo fyrst við munnlegan málflutning að fram kom frádráttarliðurinn, söluverð „lombardlagers“ að frádreginni leigu, NOK 41.934,02, og var leigufjárhæðinni þegar mótmælt af hálfu hinna stefndu.

3.4.1 Í kröfulýsingu stefnanda frá 19. desember 1978 er lýst kröfu fyrir debetmismuni á reikningi nr. 8002.07.03842, pr. 20.11. 1978 NOK 3.785.104,85.

Kröfu samkvæmt d-lið stefnukrafna var ekki lýst. Þann 9. febrúar 1981 var skuldin á reikningi 8002-07-03842 vaxtafærð og flutt á sérstakan reikning í lögfræðideild bankans. Stefnandi hefur lagt fram tilkynningu um þessa yfirfærslu, sem var send Nesco International h.f. og stefndu, en við munnlegan málflutning hefur yfirlýsingu þessari verið mótmælt sem einhliða órökstuddri yfirfærslutilkynningu. Því var haldið fram við málflutninginn, að fjárhæðin væri ósönnuð, og að sönnunarbyrðin hvíldi á stefnanda, sem einn hefði fullnægjandi sönnunaraðstöðu. Þá er því haldið fram af hálfu hinna stefndu, að stefndi Óli hafi aldrei viðurkennt fjárhæðina.

Í þessum kröfulið er um að ræða viðskiptareikning Inter-Nesco-Norge A/S hjá viðskiptabanka sínum, en bankinn hafði tekið að sér að fjármagna rekstur fyrirtækisins. Það er ljóst af þeim upplýsingum og gögnum, sem fyrir liggja í málinu um viðskipti aðiljanna og fjárprot félagsins, að félagið hlýtur að hafa staðið í verulegri skuld við bankann við gjaldþrotið til viðbótar fjárhæðum skuldabréfa. Stefndu voru auk Nesco International h.f. einu hluthafarnir í hinu gjaldþrota félagi, og stefndi Óli Anton sá um daglegan rekstur þess fram til gjaldþrotsins. Stjórn hlutafélagsins, og einkum Óla Antoni, hlaut að vera kunnugt um fjárhæð reikningsins, þegar Andresens Bank A/S lýsti kröfum sínum í búið. Á sama tíma og lengi síðan var verið að semja um greiðslufyrirkomulag vegna ábyrgðar stefndu á skuldum félagsins, þar sem heildarfjárhæð skuldarinnar var áætluð verulega mikið hærri en nam fjárhæð skuldabréfanna. Í bréfi Andresens Bank A/S frá 7.12. 1978 er fjárhæð skuldarinnar að vísu aðeins áætluð Nkr. 5.630.000,00, en meginskýringin á þeirri tiltölulega lágu fjárhæð virðist vera, að á þeim tíma gerðu aðilar sér vonir um, að skuldin myndi lækka meira en raun varð á með fullnustu í tryggingarréttindum. Engin mótmæli eða athugasemdir virðast hafa komið fram gegn fjárhæðinni við skiptameðferð protabúsins, og stefndu virðast engum mótmælum hafa hreyft við fjárhæð reikningsins, þegar þeim var tilkynnt um yfirfærslu skuldarinnar til lögfræðideildar Christiania Bank & Kreditkasse. Í varnarskjölum stefndu koma ekki fram sérstök mótmæli gegn þessum kröfulið. Það verður að telja miður, að ekki skuli hafa verið gerð nákvæmari grein fyrir þessum kröfulið og hann skýrður betur af hálfu stefnanda, en hins vegar er á það að líta, að ætla verður, að stefndu séu og hafi verið í þeirri aðstöðu að geta gengið úr skugga um, hvort skuld Inter-Nesco-Norge A/S var ofreiknuð á viðskiptareikningi fyrirtækisins í Andresens Bank. Frá þeirra hendi hafa þó engar rökstuddar athugasemdir eða gögn komið fram, sem fallin

séu til að hnekkja vottorði endurskoðanda bankans. Samkvæmt þessu þykir bera að taka kröfu stefnanda í þessum kröfulið til greina.

3.4.2 Í þinghaldi 16. september 1982 kom fram af hálfu stefnanda, að starfsmenn Inter-Nesco-Norge hefðu fengið það verkefni að reyna að selja vörur fyrirtækisins fyrir gjaldþrotið, og ferðuðust þeir um Noreg í því skyni. Hver starfsmaður um sig hafði sérstakan ferðareikning í bankanum, og af þessum reikningi var ferðakostnaður starfsmannanna greiddur. Fjárhæðir d-liðar stefnukröfunnar er niðurstaða reikningsins við upphaf gjaldþrotaskiptameðferðarinnar. Umboðsmaður stefndu kvaðst í þessu þinghaldi ekki að svo stöddu geta staðfest, að þeir, sem taldir eru í gögnum varðandi þennan kröfulið, hafi verið starfsmenn Inter-Nesco, en síðan hafa ekki komið fram mótmæli af hálfu hinna stefndu byggð á þessari málsástæðu. Í skýrslu skiptastjórnanna, dags. 1. júní 1979, kemur fram, að stefndi Óli Anton hafi sjálfur tekið ákvörðun um ráðningu starfsfólks fyrirtækisins. Lögð hafa verið fram afrit af bréfum til allra 6 starfsmannanna, þar sem tilkynnt er, að „Internesco Norge A/S“ moderfirma på Island, ved herr Bieltvedt, har vedtatt å dekke ovennevnte debetsaldo.“ Í bréfi Christiana Bank & Kreditkasse til Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl., dags. 22. september 1982, segir svo um þetta efni:

„Avtalen om at firmaet skulle dekke dette, ble truffet mellom Bieltvedt og Collier, som tidligere var ansatt i banken og behandlet saken. Vi har ikke funnet noen skriftlig bekreftelse på avtalen fra Internesco, men har snakket med Collier, som mente at det var innhentet slik bekreftelse. Den må da være i en av de mappene jeg etterlot på Island, så vi må be Dem se gjennom mappene etter en slik bekreftelse.“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þar sem þessum kröfulið sé ekki mótmælt sérstaklega í greinargerð, hljóti hann að teljast viðurkenndur eins og aðrir liðir. Af hálfu hinna stefndu var því haldið fram við málflutninginn, að kröfu um ferðakostnað væri beint gegn röngum aðilja, orðið hafi skuldaraskipti að þessari kröfu, þar sem Nesco International h.f. hefði tekið að sér að greiða hana, en ábyrgð stefndu fallið niður þar af leiðandi.

Þó að gögn málsins séu næsta ófullkomin um þennan kröfulið, þykir þeirri staðhæfingu stefnanda ekki hafa verið hnekk, að bankinn hafi lagt í þann kostnað, sem hér um ræðir, í þágu Inter-Nesco-Norge A/S með fullri heimild og fyrir reikning fyrirtækisins. Stefndu hafa því orðið ábyrgir fyrir greiðslu kröfunnar sem sjálfskuldaábyrgðaraðiljar og þótt kröfunni hafi ekki verið lýst í þrotabúð, virðist ljóst, að hún sem almenn krafa hefði ekki orðið greidd úr búinu. Samþykki Nesco International h.f. á greiðslu kröfunnar þykir ekki hafa fellt niður ábyrgð stefndu, enda hefur Nesco

International h.f. ekki greitt kröfuna. Samkvæmt þessu þykir verða að fallast á þennan kröfulið.

3.4.3 Samkvæmt skýrslu skiptastjórnanna frá 1. júní 1979 fékk Andre-sens Bank A/S lykilverð í aðalvörubirgðum Inter-Nesco-Norge A/S, sem geymdar voru að Hofsvægen 9 í Ósló. Af hálfu búansins var kannað, hvort verð þetta væri riftanlegt, en niðurstaðan var sú, að talið var, að svo væri ekki, þannig að bóúíð gaf upp tilkall til þessara vara, þar sem ljóst var, að krafa bankans var miklu hærri en sem svaraði verði vörulagers. Í vaxta-útreikningi, sem gerður var af hálfu stefnanda 10. febrúar 1981, kemur fram, að innstæða á reikningi eftir sölu á lagernum hafi verið þann 6.4. 1979 NOK 778.920,39. Við þetta er bætt vöxtum, og verður innstæðan þá pr. 10.2. 1981 kr. 961.916,69. Í bréfi Lailu Ingebriktsen, dags. 21. janúar 1982, til Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl. kemur fram, að bankinn hafi fengið með skuldajöfnuði og sölu á lagervörum, NOK 1.794.238,84, sem er sama tala og kemur fram í sundurliðun dómkröfu hér að framan. Er því ljóst, að þar er reiknað með leigu eða geymslukostnaði fyrir lagerinn. Þessi liður kemur einnig fram í bréfi hennar frá 22. september 1982, en þar segir, að lagerinn hafi verið seldur í febrúar-mars 1979. Við munnlegan flutning málsins var því alfarið mótmælt, að stefndu væru skuldfærðir fyrir leigu á lager, og því haldið fram, að krafan væri ósönnuð, og bent á, að engin gögn væru lögð fram fyrir þessum kröfum. Á það verður að fallast með stefndu, að mjög ófullkomin greinargerð hafi komið fram fyrir þessum kröfulið í málinu, en þó verður að telja ljóst og óumdeilanlegt, að lagerinn hafi verið í geymslu í leiguhúsnæði, þangað til honum var komið í verð, og þykir verða að leggja til grundvallar, að bankinn hafi orðið að greiða leiguna. Af stefndu hálfu hafa ekki komið fram nein rökstudd mótmæli byggð á því, að bankinn hafi enga leigu greitt eða að leigan sé of há, og þykir því verða að leggja til grundvallar, að þessi fjárhæð eigi að koma til lækkunar á liðnum söluverð „lombardlagers“ sem kostnaðarliður.

4.0 Af hálfu stefndu hefur þess verið krafist til vara, að við ákvörðun dráttarvaxta verði tekið tillit til frádráttarliðanna miðað við þær dagsetningar, þegar þessir liðir féllu til. Á þessa kröfu þykir bera að fallast, en að öðru leyti ber samkvæmt framansögðu að fallast á allar kröfur stefnanda eins og hér segir:

Stefndu ber að greiða stefnanda in solidum NOK 6.481.088,19 auk 15% ársvaxta af NOK 7.725.072,78 frá 10.2. 1981 til 12.3. 1981, af NOK 5.958.922,98 frá þeim degi til 24.4. 1981, af NOK 5.778.922,98 frá þeim degi til 31.12. 1981, af NOK 5.718.922,98 frá þeim degi til 1.12. 1982, en

af NOK 5.658.922,98 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 650.000,00.

Sönnunargögn máls þessa eru eingöngu skjöl sem nærfellt öll eru á erlendum málum. Það, sem máli skiptir í skjölum þessum, er dómáranum auðskilið, og hefur því ekki verið lagt fyrir lögmennina að afla þýðinga á skjölunum, en þó hefur skortur þýðinga valdið nokkrum vandkvæðum við samningu dómsins.

Dómsuppkvaðning hefur dregist nokkuð vegna óvenjumikilla embættisanna dómárans.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Óli A. Bieltvedt jr. og Sigurjón Ragnarsson, greiði stefnanda, Jónasi A. Aðalsteinssyni hrl. f.h. Christiania Bank & Kreditkasse, NOK 6.481.088,19 auk 15% ársvaxta af NOK 7.725.072,78 frá 10. febrúar 1981 til 12. mars 1981, af NOK 5.958.922,98 frá þeim degi til 24. apríl 1981, af NOK 5.778.922,98 frá þeim degi til 31. desember 1981, af NOK 5.718.922,98 frá þeim degi til 1. desember 1982, en af NOK 5.658.922,98 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 650.000,00 í málskostnað.

Þriðjudaginn 5. nóvember 1985.

Nr. 222/1985. **Marina Chirazi**

gegn

**Örlygi Antonssyni**

Kærumál. Börn. Innsetningargerð. Verkun áfrýjunar. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómáranir, Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili kærði mál þetta til Hæstaréttar 11. f.m. með heimild í 3. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kæran barst Hæstarétti 14. f.m.